



Skólastjórar grunnskóla, skólanefndir og
skólaskrifstofur

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 13. janúar 2012
Tilv.: MMR12010157/8.6.1

Efni: Dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk 2012

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði skuli lögð fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk grunnskóla. Jafnframt er kveðið á um að nemendur 10. bekkjar skuli á fyrri hluta skólaársins þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði.

Tilgangur samræmdra könnunarprófa í grunnskólum er m.a. að athuga að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð, vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur og veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda.

Dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk haustið 2012 verða sem hér segir:

10. bekkur

Íslenska	mánudagur	17. september
Enska	þriðjudagur	18. september
Stærðfræði	miðvikudagur	19. september


4. og 7. bekkur

Íslenska	fimmtudagur	20. september
Stærðfræði	föstudagur	21. september

Ákvörðun um prófdaga samræmdra könnunarprófa haustið 2012 var tekin í samráði við Námsmatsstofnun sem sér um framkvæmd prófanna. Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa er aðgengileg á vef ráðuneytisins: www.menntamalaraduneyti.is.

Samræmd könnunarpróf hefjast klukkan 9:00 að morgni. Próftími er breytilegur eftir aldri nemenda og má sjá ítarlegar upplýsingar um hann í kafla 2 í *Samræmd könnunarpróf haustið 2012: Framkvæmd og uppbygging* sem gefinn verður út á rafrænu formi í febrúar 2012, sjá nánar á vef Námsmatsstofnunar www.namsmat.is.

Fyrir hönd ráðherra


Stefán Baldursson


Margrét Harðardóttir